



Hörgársveit

Vinnslusvæði Norðurorku við Hjalteyri, Hörgársveit – auglýsing deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Hörgársveitar auglýsir tillögu að deiliskipulagi fyrir vinnslusvæði Norðurorku í Arnarholti við Hjalteyri skv. 1. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 14,5 ha og er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I1) og athafnasvæði (AT3) í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til þriggja borholuhúsa, tveggja dælustöðva, nýs skiljubúnaðar til viðbótar við búnað sem fyrir er, rafstöðvar og núverandi íbúðarhúss í Arnarholti.

Greinargerð og uppdrættir skipulagstillögu munu liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 9. mars 2020 til og með 20. apríl 2020. Gögnin verða einnig aðgengileg á vef sveitarfélags, horgarsveit.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna til mánudagsins 20. apríl 2020. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast sveitarfélaginu á netfangið sbe@sbe.is eða á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri.

Skipulags- og byggingarfulltrúi